

	VERKLAGSREGLUR um greiðslur vegna aukastarfa innan Háskóla Íslands sem kostuð eru af öðru fé en opinberum fjárveitingum til Háskóla Íslands	Bls. 1 af 2 Ábm. GRJ/RÍ/JBJ/ÞK Samþ. í háskólaráði 3. júní 2010 Endursk. 3. febrúar 2022, 8. desember 2022 og 13. apríl 2023. Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni: Forsetar fræðasviða Sviðsstjóri fjármálasviðs Sviðsstjóri mannauðssviðs
---	--	---

1. Gildissvið

Verklagsreglur þessar taka til starfsmanna Háskóla Íslands (að teknu tilliti til starfshlutfalls) eða félaga sem þeir eiga verulegan hlut í, eða hagsmuni hjá, vegna verkefna við kennslu, þ.m.t. endurmenntun, rannsóknir, þjónustu og stjórnun, sem unnin eru á vegum fræðasviða, deilda eða stofnana háskólans.

2. Meginregla

Fastir starfsmenn HÍ skulu ekki einnig vera verktakar við háskólann. Vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra er Háskóla Íslands óheimilt að kaupa af starfsmönnum, félögum sem starfsmenn Háskóla Íslands eða fjölskyldumeðlimir þeirra eiga verulegan hlut í, þjónustu á starfssviði viðkomandi starfsmanns, þ.m.t. kennslu og rannsóknir. Til kennslu telst auk kennslunnar sjálfrar, undirbúningur kennslu og prófa.

Rektor Háskóla Íslands getur þó ákveðið að veita undanþágu frá ofangreindu, ef hann telur, að fenginni rökstuddri tillögu forseta viðkomandi fræðasviðs, að sérstakar aðstæður eða atvik séu fyrir hendi, sem mæla með því að Háskóli Íslands geri sérstakan verk- eða þjónustusamning við framangreinda aðila. Slík undanþága kemur eingöngu til greina ef fullreynt er að ekki er um aðra valkosti að ræða til að framkvæma megi viðkomandi verkefni og jafnframt liggi fyrir að það samræmist reglum viðkomandi styrktarsjóða.

Föstum starfsmönnum HÍ er heimilt að sinna verktöku fyrir Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands þegar um er að ræða óhefðbundið nám á ábyrgð deilda eða nám á ábyrgð Endurmenntunarstofnunar, sbr. 64. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Um verktöku fyrir Endurmenntunarstofnun gilda reglur nr. 1096 frá 2008 um aukastörf akademískra starfsmanna að breyttu breytanda. Starfsmanni er óheimilt að leita aðstoðar annarra starfsmanna Háskóla Íslands við verktökuna án samþykkis sviðsforseta. Leyfilegt árlegt hámark á umfangi slíkrar vinnu er háð fjölda rannsóknastiga viðkomandi að meðaltali undanfarin 3 ár, sbr. 5. gr. reglna þessara. Þóknun fyrir verktöku starfsmanns getur þó ekki numið hærri greiðslu en 3. m.kr. á ári.


3. Útboð

Verktakavinnu og innkaup ber að bjóða út ef áætlaður kostnaður fer umfram tilgreint hámark. Sviðsstjóri fjármálasviðs fer yfir kostnaðaráætlanir og alla reikninga vegna verktöku.

Farið er eftir fyrimælum laga og reglna um opinber innkaup.

4. Samningar um námskeið og námsleiðir í endurmenntun sem er á faglegri ábyrgð deilda

Háskóli Íslands og einstakar stofnanir hans semja eingöngu við viðurkennda háskóla um að sjá um nám eða námshluta á háskólastigi sem er á faglegri ábyrgð deilda Háskóla Íslands. Slíka samninga er ekki heimilt að framselja til þriðja aðila.

	VERKLAGSREGLUR um greiðslur vegna aukastarfa innan Háskóla Íslands sem kostuð eru af öðru fé en opinberum fjárveitingum til Háskóla Íslands	Bls. 2 af 2 Ábm. GRJ/RÍ/JBJ/ÞK Samþ. í háskólaráði 3. júní 2010 Endursk. 3. febrúar 2022, 8. desember 2022 og 13. apríl 2023. Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni: Forsetar fræðasviða Sviðsstjóri fjármálasviðs Sviðsstjóri mannauðssviðs
---	--	---

5. Greiðslur vegna aukastarfa

Kennara er heimilt, að fengnu samþykki forseta fræðasviðs, að sinna þjónustukennslu/-vinnu á vegum Endurmenntunar eða annarra stofnana háskólans. Heimildin er háð því að viðkomandi uppfylli starfsskyldur sínar við HÍ með viðunandi hætti, þ.e. uppfylli kennsluskyldu sína og sinni stjórnunarstörfum eftir því sem við á.

Leyfilegt árlegt hámark á umfangi slíkrar þjónustukennslu/-vinnu er háð fjölda rannsóknastiga viðkomandi að meðaltali undanfarin 3 ár sem hér segir:

Fjöldi stiga	Þús. kr.	Fjöldi stiga	Þús. kr.
0–7	500	13	5.000
8	1.000	14	6.000
9	1.500	15–19	6.750
10	2.000	20–29	7.500
11	3.000	30–49	8.250
12	4.000	>=50	9.000

Framangreind heimild er til viðbótar við núgildandi kjarasamninga. Miðað er við að greitt sé fyrir vinnu á yfirvinnutaxta skv. kjarasamningi viðkomandi kennara eða sem þóknun. Launatengd gjöld eru ekki innifalin í framangreindum tölum. Minnt er á ákvæði í 3. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 605/2006 um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands um breytilegar starfsskyldur sem valkost fyrir þá sem vilja auka kennsluskyldu á kostnað rannsóknaskyldu.

Starfsmenn í stjórnslu og stoðþjónustu sem vilja taka að sér verkefni innan háskólans, sem eru utan aðalstarfs þeirra, skulu gera um það skriflegt samkomulag við sinn yfirmann. Samþykki yfirmanns er háð því að starfsmaðurinn sýni fram á að hann muni sinna að fullu starfsskyldum sínum í aðalstarfi og að fjarvera hans á dagvinnutíma vegna aukastarfsins sé skráð. Samkomulagið skal tilkynnt stjórnslu viðkomandi fræðasviðs.

6. Skráning

Mannauðssvið heldur sérstaka skrá um veittar heimildir og um fjárhæðir sem um ræðir.

7. Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka gildi 1. júlí 2010.

8. Endurskoðun

Verklagsreglur þessar verða endurskoðaðar tveimur árum eftir gildistöku þeirra.